



Framkvæmda- fréttir

7. tbl. / 16



Strandavegur (643), Hálsgrata - Svanshóll. Framkvæmdir á Bjarnarfjarðarhálsi 8. júní 2016. Verktaki er Borgarverk ehf. Ljósmynd: Skúli Þórðarson.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni 5 rannsóknarskýrsla. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknarskýrslur“

Frumathugun á lífríki þriggja fjarða í Austur-Barðastrandarsýslu með áherslu á fiskungviði

Björn Gunnarsson, Hjalti Karlsson og Hlynur Pétursson, Hafrannsóknastofnun, mars 2016

Markmið rannsóknarinnar var að gera frumathugun á lífríki Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu með áherslu á fiskungviði en uppi eru áform um þverun fjarðanna vegna lagningar Vestfjarðarveggar milli Bjarkalundar og Eyrar. ▶



Bjálkatrollið sem notað var við sýnatökur í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði í frumathugun Hafrannsóknastofnunar í ágúst 2015. Ljósmynd: Hjalti Karlsson.

Útboðsvefur.is - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum Útboðsvefur.is og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 24. árg. nr. 664 18. júlí 2016

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Sumarið 2015 voru tekin sýni úr fjörðunum með bjálkatrolli, strandnót og smátrolli sem smíðað var sérstaklega til verkefna. Sjö tegundir fiskungviðis komu í veiðarfærin þar sem þorsk- og skarkolaseiði voru mest áberandi Töluvert var af þorskseiðum í Þorskafirði og Djúpafirði. Þá fundust skarkolaseiði í öllum fjörðum, líka í Gufufirði og Djúpafirði sem fara nánast á þurr í fjöru og var þéttleikinn hár.

Rannsóknin leiðir í ljós að firdirnir eru búsvæði mikilvægra nytjategunda og telja skýrsluhöfundar þörf á umfangsmeyri rannsókn til að hægt sé að leggja mat á útbreiðslu, magn og þéttleika þessara lífvera svo vel sé.

Botndýrasamfélög utan og innan þverunar í Dýrafirði


Þorleifur Eiríksson, Guðmundur Viðir Helgason og Þorleifur Ágústsson, Rorum, mars 2016

Árið 1992 var opnaður vegur sem þverar Dýrafjörð við Lambadalssödda. Áður en þverunin var gerð, voru gerðar umfangsmiklar rannsóknir á umhverfinu. Náttúrustofa Vestfjarða fékk á sínum tíma styrk úr rannsóknasjóði



Vegfylling yfir Dýrafjörð á vígsludegi 2. október 1992.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Húsavíkurhöfðagöng, staða framkvæmda 11. júlí 2016. Búið er að sprengja 848 m sem er 90 % af heildarlengd. Heildarlengd ganga í bergi 943 m, vegskálar ekki meðtaldir.

Vegagerðarinnar til að endurtaka ýmsar vistfræðirannsóknir og hafa verið gefnar út skýrslur um þær athuganir. Þannig hafa rannsóknir í Dýrafirði verið ítarlegar bæði fyrir og eftir þverun, sem gerir fjörðinn að góðu dæmi um áhrif þverana. Við skoðun á niðurstöðum rannsókna á botndýrasamfélögum innan þverunar 2006 vaknaði spurning um hvort fjöldi dýra hefði aukist innan þverunar og ef svo væri hvort hægt væri að rekja þær breytingar til þverunarinnar. Hins vegar höfðu ekki verið tekin sýni utan þverunarinnar árið 2006 og þannig ekki hægt að segja til um hvort fjölgun dýra væri vegna þverunarinnar eða hvort almenn fjölgun hafi orðið á svæðinu.

Í þessu verkefni var sýnataka endurtekin á tveimur stöðum utan þverunar og öðrum tveimur innan þverunarinnar. Sýnin voru svo greind á sama hátt og í fyrri rannsóknum og það síðan borið saman.

Í skýrslunni kemur fram að niðurstöður benda til að tegunda- og fjöldi hafi ekki breyst markvert en fjöldi einstaklinga hafi aukist bæði utan og innan þverunar. Tilgáta um að breyttir straumar við þverunina hafi bætt lífsskilyrði innan brúar var því ekki staðfest. Tilgátunni er heldur ekki hafnað því

sýnatökustaðir innan og utan þverunar eru í svipaðri fjarlægð frá þveruninni og því gætu breyttir straumar einnig bætt lífsskilyrði utan þverunarinnar.

Vegminjar, Suðaustur- og Austurland

Arna Björk Stefánsdóttir, mars 2016

Í fyrsta áfanga þessa verkefnis voru teknar saman skrár yfir sögulega muni í eigu Vegagerðarinnar sem hafa ótvírátt sögulegt gildi fyrir stofnunina. Þessi munaskrá er aðgengileg á vefsíðu Vegagerðarinnar. Í þeim áfanga sem þessi skýrsla fjallar um,



Djúpa í Vestur-Skaftafellssýslu, stálgrindarbrú frá 1952.

er fjallað um skráningu vegminja, s.s. brúa, gamalla vega og vegkafla, vita og þjóðleiða.

Vegminjaskráin sem tekin er saman í þessari skýrslu samanstendur af átján stöðum á Suðaustur- og Austurlandi. Minjarnar dreifast nokkuð jafnt yfir svæði frá Vík í Mýrdal í vestri og að Reyðarfirði í austri. Hálendisvegir á þessum fjórðungi landsins voru einnig teknir til skoðunar. Vegminjarnar sem fjallað er um eru af fjórum gerðum: Þjóðleiðir, minjavegir, minjabrýr og vitar. Skráð er lýsing á einstökum mannvirkjum, stærð þess ef við á, farið yfir sögu þess og verndargildi metið.

Í skýrslunni kemur fram að vegminjar sem voru til skoðunar séu í mismunandi ástandi. Sum mannvirkjanna eru enn í notkun og munu verða það. Þannig er ekki þörf sérstakra ráðstafana til að vernda þau. Hins vegar þarf að huga að framtíðar hlutverki annarra vegminja sem eru ekki lengur í notkun eða í þann mund að verða það. Bent er á að öll mannvirkin eigi möguleika á framhaldslífi þó upprunalegur tilgangur þeirra sé ekki til staðar. Brýr geta nýst fyrir gangandi og ríðandi umferð og einnig sem innansveitarbrýr. Vegir geta einnig nýst á svipaðan hátt. Í öllum tilvikum þarf að meta hvort verndun slíkra mannvirkja sé forsvaranleg, nema aldur þeirra og saga gefi sérstakt tilefni til þess.

Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi

Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofa Suðausturlands og Reynir Gunnarsson, Vegagerðin, mars 2016


Markmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar að draga saman ábendingar um mögulega áfangastaði við Hringveginn á Suðausturlandi (frá Skeiðarársandi að Streitishvarfi) og hins vegar að skoða hugmyndir að þematengingu þeirra, auk annarra áningarstaða sem þegar



Á Hringveginum í Hamarsfirði. Ferðafólk leggur bíl í vegkanti og það þvingar aðra vegfarendur til að sveigja yfir á mótlæga akrein. Ljósmynd úr skýrslu, SG, 2015.



Húsavíkurhöfðagöng. Verktaki er Leonhard Nilsen & Sønner AS, Noregi.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 11. júlí 2016. Búið er að sprengja samtals 5.558 m sem er 77,1 % af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is

eru til staðar á þeim vegakafila. Með fjölgun ferðamanna hefur það orðið algengara að fólk stöðvi bifreiðar til að taka myndir eða skoða það sem fyrir augu ber. Bifreiðar eru þá gjarnan hálfar inni á akreinum vegna þess að vegaxlir eru litlar og ekki ætlaðar til að leggja við. Af þessu skapast mikil hætta með tilliti til annarrar umferðar.

Sumarið 2015 voru dregnar saman upplýsingar um núverandi áningarstaði á vegarkafilanum (sem eru 37 talsins) og farið um kaflann til að athuga þá og hvaða tækifæri fælust þar, út frá náttúruferjum og umhverfi. Samtímis voru mögulegar staðsetningar nýrra áningarstaða ígrundaðar. Fram kemur að þeir staðir sem algengt er að ferðamenn stoppa nú á séu ýmist núverandi áningarstaðir en einnig stoppa þeir annars staðar þar sem engin útskot eru, enn sem komið er.

Í skýrslunni eru settar fram hugmyndir um 10 áningarstaði á leiðinni og að stefna mætti að því að skilgreina kaflann sem ferðamannaveg, þar sem merkingar og skilti væru notuð til að leiða vegfarendur milli þessara staða. Val þessara 10 staða er byggt á þverfaglegu álitni sérfræðinga um áhugavert umhverfi og umferðaröryggi. Hugmyndin er að þetta leiði til að ferðamenn stöðvi síður annars staðar á leiðinni, en í því sambandi er bent á mikilvægi góðra merkinga.

Almennt kemur fram að með fjölgun vegútskota á vel völdum stöðum má halda áfram að reyna að draga úr þeirri hættu sem skapast hefur undanfarin ár vegna þess að ferðamenn stöðva bíla á vegi eða vegöxl til þess að taka myndir. Þar vinni saman akstursöryggi á Hringvegnum en jafnframt að auka við ánægju ferðalanga af vegleiðinni sjálfri.

Malbiksrannsóknir 2015

Pétur Pétursson, PP ráðgjöf, apríl 2016

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður prófana ársins 2015. Verkefni ársins var skipt í fimm hluta: samanburðarprófanir á hjólfaramyndun mældum á rannsóknastofu, á Íslandi annars vegar og í Noregi hins vegar; prófanir á slitþoli mismunandi malbiksgerða með Prall prófi; úttekt á ótímabærum skemmdum í nýlegu malbiki í Reykjavík; innleiðing prófana á filler-eiginleikum malbiks og að lokum könnun á notkun hitamyndavéla til eftirlits við útlögn malbiks.

Niðurstöður samanburðarrannsóknna á hjólfaramyndun með mismunandi tækjum sýna að íslenska tækið mælir meiri hjólfaradýpt en það norska, jafnvel þó norsku mælingarnar séu gerðar við herra hitastig. Skýring á þessu er ekki ljós og er gert ráð fyrir frekari rannsóknum.

Malbiksgerðirnar sem voru slitmældar með Prall aðferðinni voru með steinefni frá mismunandi námum og mismunandi hámarks steinastærð. Niðurstöður mælinganna eru að öll sýnin sem prófuð voru slitna nokkuð svipað, en þó kemur fram að sýni með stærri hámarksstærð slitna jafn mikið eða minna en þau með minni hámarksstærð ef steinefnið er af sama uppruna.

Í tengslum við úttekt á ótímabærum skemmdum í nýlegu malbiki í Reykjavík, voru meðal annars tekin kjarnasýni úr völdum köflum og þau rannsökuð, en einnig voru gerðar mælingar á steinefnum sem notuð voru í malbikið og þær bornar saman við kröfur. Í ljós kom að steinefnin standast langflestar kröfur sem til þeirra eru

gerðar. Við athugun á borkjarnasýnum kemur í sumum tilvikum fram nokkur mismunur frá þeim niðurstöðum sem fengust úr mælingum við framleiðslu viðkomandi malbiks á sínum tíma. Ekki eru einhlítar skýringar á því. Holrýmdarmælingar á borkjarnasýnum benda til að þjöppun hafi ekki verið nægileg við útlögn, sem gæti verið ein skýring á ótímabærum skemmdum.

Í tengslum við próf á filler-eiginleikum malbiks voru gerðar svokallaðar Rigden holrýmdarmælingar. Niðurstöður þeirra voru að í öllum tilvikum lentu þær innan marka sem sett eru í Noregi. Gert er ráð fyrir að halda áfram athugunum á filler-eiginleikum.

Athugun á notkun hitamyndavélar við útlögn malbiks beindist að mestu að því að kynna notkunarmöguleika hennar og eru sýndar nokkrar myndir sem teknar voru við útlögn. Til stendur að skoða notkunarmöguleika frekar á árinu 2016, en jafnframt kemur fram að Vegagerðin vinnur að því að innleiða notkun hitamyndavélar við eftirlit í sínum verkum. ■



Hitastig á palli flutningabíls. Hitamynd.



FLIR T hitamyndavél eins og notuð var í þessu verkefni.



Nú stendur yfir mikil efnisvinnsla við Sæluhúsaheðir vegna endurbóta Kaldadalsvegur. Verktaki við efnisvinnslu er Króksverk ehf. Suðurtak ehf. er verktaki við endurmótun og klæðingu á 15,8 km kafla frá núverandi klæðingarenda að vegamótum Uxahryggjavegar.

Niðurstöður útboða

Árbæjarvegur (271), Kvistir - Árbakki 16-020

Tilboð opnuð 21. júní 2016. Endurmótun 2,6 km Árbæjarvegur frá núverandi klæðingarenda og tæplega að Árbakka, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Ræsi.....	36 m
Neðra burðarlag.....	4.000 m ³
Efra burðarlag.....	2.760 m ³
Tvöföld klæðing.....	19.895 m ²
Frágangur fláa.....	14.815 m ²

Verkinu skal að lokið eigi síðar en 15. september 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Þjótandi ehf., Hella	53.446.650	132,6	382
1 Framrás ehf., Vík	53.064.200	131,7	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	40.300.000	100,0	-12.764

Útboð á sama verki opnað 21. júní 2016. Öllum tilboðum hafnað og verkið boðið út aftur breyttri mynd.

Árbæjarvegur (271), Kvistir - Árbakki, hraðútboð 16-054

Tilboð opnuð 12. júlí 2016. Endurmótun 2,6 km Árbæjarvegur frá núverandi klæðingarenda og tæplega að Árbakka, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Ræsi.....	24 m
Neðra burðarlag.....	4.000 m ³
Efra burðarlag.....	2.225 m ³
Tvöföld klæðing.....	15.445 m ²
Frágangur fláa.....	14.815 m ²

Verkinu skal að lokið eigi síðar en 25. september 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Þjótandi ehf., Hella	42.869.150	122,5	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	35.000.000	100,0	-7.869



Skápadalur og Skápadalsmúli. Eystri mörk útboðskafla. Samið hefur verið við Borgarverk ehf. um framkvæmd verksins. Ljósmynd: Mats Wibe Lund.

Niðurstöður útboða

Örlygshafnarvegur (612), Skápadalsá – Hvalsker 16-014

Tilboð opnuð 21. júní 2016. Endurbygging á 5,6 km kafla Örlygshafnarvegur frá Skápadalsá að Hvalsker, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	26.120 m ³
Skeringar	24.100 m ³
- þar af bergskeringar	300 m ³
Neðra burðarlag	1.730 m ³
Efra burðarlag	6.240 m ³
Tvöföld klæðing	37.655 m ²
Frágangur fláa	65.450 m ²
Rofvörn	900 m ³

Verkinu skal að lokið með tvöfaldri klæðingu eigi síðar en 1. september 2017 og að fullu 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	123.613.000	132,7	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	93.159.000	100,0	-30.454

Niðurstöður útboða

Eskifjörður, styrking grjótvarna 2016 16-051

Tilboð opnuð 21. júní 2016. Hafnarsjóður Fjarðabyggðar óskaði eftir tilboðum í styrkingu þriggja grjótvarna á Eskifirði á samtals um 274 m löngum kafla, við Olíubryggju, Bræðslubryggju og Egesundsbruggju.

Helstu magnþölur:

Upptekt og endurröðun	1.435 m ³
Útlögn grjóts og kjarna	2.800 m ³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. desember 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	16.955.869	103,2	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	16.442.210	100,1	-514

Porlákshöfn – dýpkun, rif á bryggju og færsla grjótvarna 16-049


Tilboð voru opnuð 14. júní 2016. Hafnarsjóður Porlákshafnar óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk. Um er að ræða stofndýpkun, rif Norðurvararbryggju og færsla grjótvarna innan hafnar og í innsiglingu.

Svæðin sem dýpka á eru innan hafnar og í innsiglingu. Helstu magnþölur:

Dýpkun	50.000 m ³
Rif bryggju	123 m
Færsla grjótvarnar	20.000 m ³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	317.731.800	100,0	68.862
2 Hagtak ehf., Hafnarfirði	266.149.240	83,8	17.279
1 Björgun ehf., Reykjavík	248.869.834	78,3	0






Höfn við Brjánslæk í Barðastrandarsýslu. Áfangastaður Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.



Niðurstöður útboða

Brjánslækur, dýpkun 2016 16-050
 Tilboð opnuð 14. júní 2016. Hafnarsjóður Vesturbyggðar óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.
 Helstu verkþættir og magnþölur eru:
 Dýpkun á grófu efni: 10.000 m³
 Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 2016

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Hagtak ehf., Hafnarfirði	24.480.000	158,2	12.521
--- Áætlaður verktakakostnaður	18.000.000	100,0	2.041
1 Björgun ehf., Reykjavík	15.959.000	88,7	0



**Laxárdalsvegur (59),
Prándargil - Gröf**
 sjá niðurstöður útboða

Niðurstöður útboða

**Laxárdalsvegur (59),
Prándargil - Gröf** 16-013
 Tilboð opnuð 14. júní 2016. Endurbygging 5,9 km Laxárdalsvegur frá Prándargili að Gröf, ásamt útlögn klæðingar.
 Helstu magnþölur eru:

Fylling og fláafleygar	21.330 m ³
Skering	20.480 m ³
Neðra burðarlag	15.350 m ³
Efra burðarlag	6.700 m ³
Tvöföld klæðing	37.950 m ²
Frágangur fláa	73.700 m ²

Verkinu skal vera lokið með einfaldri klæðingu eigi síðar en 1. september 2016. Verkinu skal að fullu lokið með tvöfaldr klæðingu eigi síðar en 1. júlí 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Stafnafell ehf., Snæfellsbæ	135.625.190	147,7	27.625
2 Þróttur ehf., Akranesi	116.200.506	126,6	8.201
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	108.000.000	117,6	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	91.810.733	100,0	-16.189



Hegranesvegur (764), Ás - Sauðárkróksbraut. Tilboð voruð opnuð 7. júní 2016 og nú hefur verið samið við Nordurtak ehf. um framkvæmd verksins. Um er að ræða endurbyggingu Hegranesvegur í Skagafirði, frá Ási að vegamótum við Sauðárkróksbraut. Lengd útboðskaflans er 5,09 km. Verktaki skal ljúka öllum verkþáttum nema lokafrágangi fláa, útlögn efra burðarlags og útlögn klæðingar fyrir 1. nóvember 2016. Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2017.

Niðurstöður útboða

Tindastólsvegur (746),

Þverárfjallsvegur – skíðasvæði 16-047

Tilboð opnuð 14. júní 2016. Endurbygging Tindastólsvegur (746) frá Þverárfjallsvegi að skíðasvæði, samtals 4,0 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	1.220 m ³
Fyllingar	550 m ³
Fláafleygar	1.260 m ³
Neðra burðarlag (styrktarlag)	1.750 m ³
Efra burðarlag	3.750 m ³
Tvöföld klæðing	27.300 m ²
Frágangur fláa	24.100 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	38.656.600	124,4	2.013
1	Vélabjónustan Messuholti ehf., Sauðárkróki	36.644.100	118,0	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	31.065.000	100,0	-5.579



Brú yfir Andakílsá. Mynd tekin sama dag og efri myndin á síðunni til hægri.



Brú yfir Andakílsá 1958.



Borgarfjarðarbraut (50), áður Vesturlandsvegur, í Andakíl, Skessuhorn og Brekkufjall. Eldri myndin er úr safni Jóns J. Víðis. Í safninu er mynd tekin sama dag af brúnni yfir Andakílsá sem var byggð 1935. Á þeirri mynd er brúin með upprunalegum handriðum en á mynd frá 1958 er búið að lækka handriðin og þau halla út, sjá myndir hér til vinstri. Þetta var algeng breyting á brúm um miðja síðustu öld til að auðvelda umferð breiðari ökutækja. Hér er því giskað á að myndin hafi verið tekin einhvern tíma á árabílinu 1940 til 1950. Yngri myndin var tekin í júní 2016 með aðeins víðara sjónarhorni.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Opnað:	Samið:
16-057 Vetrarþjónusta 2016-2021, uppsveitir Arnessýslu	2016		
16-056 Vetrarþjónusta 2016-2021, vegir á svæði Selfoss - Reykjavík	2016		
16-055 Vegrið á Austursvæði	2016		
16-044 Brú á Stöðvará (96-10), og brú á Dalsá (96-07), viðgerð á steypu	2016		
16-023 Langholtsvegur (341)	2016		
16-022 Endurbætur á Pingvallavegi (36)	2016		
16-033 Dagverðareyrvægi (816), Hlaðir - Ólafsfjarðarvegur	2016		
16-027 Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn	2016		
15-056 Álftanes, sjónvörn 2015	2016		
15-053 Harðviður 2015	2016		
15-050 Landeyjahöfn, dæluögn og dæla,	2016		
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2016		
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	
16-035 Hringvegur (1) í Reykjadal, Daðastaðir - Reykjadalssá	11.07.16	26.07.16	
16-037 Sementsfestun og þurrfræsing á Vestursvæði	04.07.16	19.07.16	
16-028 Hringvegur (1), Hveragerði - Biskupstungnabraut, hönnun	18.04.16	frestað	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
16-030 Seyðisfjarðarvegur (93), öryggisaðgerðir og sjónvörn	27.06.16	12.07.16	
16-054 Árbæjarvegur (271), Kvistir - Árbakki	04.07.16	12.07.16	
16-040 Dýrafjarðargöng, forval	09.05.16	28.06.16	
15-085 Norðfjarðargöng: Stjórnkerfi	09.05.16	07.06.16	
16-051 Eskifjörður, styrking grjótvarna	06.06.16	21.06.16	
16-047 Tindastólsvegur (746) Þverárfjallsvegur - skíðasvæði	30.05.16	14.06.16	
16-049 Þorlákshöfn - dýpkun, rif á bryggju og færsla grjótvarna	23.05.16	14.06.16	
16-045 Undirgöng á Reykjanesbraut (41), viðgerð steypu	02.05.16	18.05.16	
16-043 Brú á Bakkaá (Dunká) (54-22), viðgerð steypu	02.05.16	18.05.16	
Öllum tilboðum hafnað	Auglýst:	Opnað:	
16-020 Árbæjarvegur (271), Kvistir - Árbakki	06.06.16	21.06.16	
Samningum lokið	Opnað:	Samið:	
16-005 Yfirlagnir á Norðursvæði 2016, klæðing Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	15.03.16	04.04.16	
16-038 Borgarfjörður eystri, sjónvörn Ylur ehf., kt. 430497-2199	22.03.16	12.04.16	
15-041 Landeyjahöfn, haustdýpkun 2016-2018 Jan de Nul N.V., Belgía	03.05.16	31.05.16	

Samningum lokið, framhald	Opnað:	Samið:
16-031 Svínvetningabraut, (731), Kjalvegur - Hringvegur Viðimelsbræður ehf., kt. 521015-0630	10.05.16	10.06.16
16-046 Fáskrúðsfjörður, stálrör 2016 Guðmundur Arason ehf., kt. 510193-2539	18.05.16	02.06.16
16-011 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2016, malbik Malbikun K-M ehf., kt. 690598-2059	18.05.16	20.06.16
16-048 Siglufjörður, dýpkun við Bæjarbryggju 2016 Jan de Nul N.V., Belgía	24.05.16	07.06.16
16-029 Endurbætur á Upphéraðsvegi (931), Hof - Skeggjastaðir Ylur ehf., kt. 430497-2199	24.05.16	10.06.16
16-034 Dettifossvegur (862), Dettifossvegur vestri - Hólmatungur P.S. verktakar ehf., kt. 410200-3250	31.05.16	06.07.16
16-032 Hegranesvegur (764), Ás - Sauðárkróksbraut Norðurtak ehf., kt. 690814-0560	07.06.16	20.06.16
16-013 Laxárdalsvegur (59), Þrándargil - Gróf Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	14.06.16	28.06.16
16-050 Brjánslækur - dýpkun 2016 Björgun ehf., kt. 460169-7399	14.06.16	30.06.16
16-014 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - flugvöllur Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	21.06.16	01.07.16
16-042 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2016-2018 Steypustöð Skagafjarðar, kt. 671272-2349	18.05.16	21.06.16

Niðurstöður útboða

Seyðisfjarðarvegur (93), öryggisaðgerðir og sjónvörn Seyðisfirði

Tilboð opnuð 12. júlí 2016. Öryggisaðgerðir á um 6,5 km á 15 stöðum á Seyðisfjarðarvegi (93-02 og 93-03) og sjónvörn við Sunnuver á Seyðisfirði

Helstu magntölur öryggisaðgerða á Seyðisfjarðarvegi eru:

Bergskerlingar í vegstæði.	790 m ³
Fyllingar og fláafleygar.	22.000 m ³
Ræsalögn.	93 m
Endafrágangur ræsa	15 stk.
Grjóthleðslur.	46 m ³
Frágangur fláa	50.000 m ²

Helstu magntölur sjóvarnar á Seyðisfirði eru:

Grafa rás fyrir sjónvörn og jafna fláa . . .	190 m
Útlögn flokks I	904 m
Útlögn flokks II	630 m ³
Útlögn kjarna flokkur III	400 m ³

Verki við Seyðisfjarðarveg, öryggisaðgerðir, skal að fullu lokið fyrir 20. september 2016 en verki við sjónvörn á Seyðisfirði skal að fullu lokið fyrir 1. desember 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	79.732.106	147,2	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	54.161.000	100,0	-25.571